

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 6. júní 2023

Mál nr. E-3225/2019:

Huginn ehf.

(Stefán A. Svensson lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 9. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 13. júní 2019, af stefnanda, Huginn ehf., [...], á hendur stefnda, Íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda:

A. 373.764.444 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2015 til greiðsludags, en til vara undir þessum kröfulið 373.764.444 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2015 til 27. júní 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags; og

B. 173.481.156 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 38.304.771 krónu frá 16. júní 2015 til 6. apríl 2016, af 93.862.103 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2017, af 132.283.664 krónum frá þeim degi til 10. apríl 2018 og af 173.481.156 krónum frá þeim degi til 27. júní 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að stefndi greiði stefnanda:

A. 358.554.630 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2015 til greiðsludags, en til vara undir þessum kröfulið 358.554.630 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2015 til 27. júní 2019, en með

dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags; og

B. 173.481.156 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 38.304.771 krónu frá 16. júní 2015 til 6. apríl 2016, af 93.862.103 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2017, af 132.283.664 krónum frá þeim degi til 10. apríl 2018 og af 173.481.156 krónum frá þeim degi til 27. júní 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautvara að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur lægri fjárhæðar að álitum, auk vaxta og dráttarvaxta á sama lagagrunni og í aðalkröfu og frá sömu dagsetningum, en ella að mati dómsins.

Í öllum tilvikum er þess krafist að vextir og dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafstíma vaxta og dráttarvaxta samkvæmt hverjum kröfulið, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001.

Enn fremur krefst stefnandi í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru aðallega gerðar þær dómkröfur að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Geta ber þess að stefnandi lagði fram ofangreindar breyttar dómkröfur sínar til lækkunar með bókunum í þinghaldi þann 10. október 2019 og þann 12. janúar 2022.

Ágreiningsefni og málsatvik

Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 508/2017 frá 6. desember 2018 var viðurkennt að stefndi í þessu máli, íslenska ríkið, bæri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem stefnandi þessa máls, Huginn ehf., kynni að hafa beðið vegna þess að skipinu Hugin VE 55 hefði á árunum 2011 til 2014 með ákvörðunum Fiskistofu, sem teknar hefðu verið á grundvelli reglugerða, verið úthlutað minni aflaheimildum en skylt hefði verið að gera samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Í ljósi framangreindrar dómsniðurstöðu gerir stefnandi, Huginn ehf., í máli þessu skaðabótakröfu á hendur stefnda, íslenska ríkinu, en byggir á því að skaðabætur á þessum grunni taki allt eins til alls árabilsins 2011–2018. Það er þá meðan umrætt ástand varði, þar sem makrílveiðum var stjórnað með reglugerðum ráðherra í trássi við áskilnað 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 um að hlutdeildarsetja bæri veiðar úr makrílstofninum, sbr. nánari útlístun hér á eftir, en sú skylda hefði samkvæmt lögnum verið orðin virk þegar árið 2011. Fyrir liggur að þann 19. júní 2019 gengu í gildi lög nr. 46/2019 um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og á lögum um stjórn fiskveiða, þar sem tekið var upp aflamarksskipulag á makrílveiðum.

Stefnandi höfðaði mál þetta árið 2019, en á sama tíma höfðaði Vinnslustöðin hf. jafnframt dómsmál ásamt fimm öðrum útgerðarfélögum á viðlíka grundvelli. Stefnandi gerir í málinu skaðabótakröfur í tveimur þáttum, þ.e. annars vegar fyrir tímabilið 2011–2014 en hins vegar fyrir tímabilið 2015–2018, og byggir þær á því að honum hafi á árunum 2011 til 2018 verið úthlutað með ákvörðunum Fiskistofu minni aflaheimildum í makríl en honum hafi borið samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Tildrög málsins eru annars þau að með reglugerð nr. 863 frá 10. september 2008 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa utan lögsögu árið 2008 voru makrílveiðar af Íslands hálfu í fyrsta sinn gerðar leyfisskyldar á samningssvæði NEAFC (Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar). Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar gildi hún um veiðar íslenskra skipa á makríl á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja. Í 2. gr. kom fram að íslenskum skipum væri óheimilt að stunda veiðarnar án leyfis og við veitingu þess skyldu aðeins koma til greina fiskiskip er uppfylltu skilyrði til útgáfu leyfis til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 116/2006. Í 3. gr. sagði að á árinu 2008 væri íslenskum skipum heimilt að veiða á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja alls 20.000 lestir af makríl og þegar þeim afla væri náð féllu leyfi til makrílveiða úr gildi og skyldi Fiskistofa tilkynna um stöðvun veiðanna. Var aflanum hér ekki skipt fyrir fram niður á tiltekna flokka skipa.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gaf 13. mars 2009 út reglugerð nr. 283/2009 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2009. Í 1. gr. hennar sagði að öllum fiskiskipum sem hefðu leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands væri heimilt að stunda veiðar á makríl í henni og á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja að fengnu leyfi Fiskistofu. Færi heildarafli íslenskra skipa yfir 112.000 lestir, þar af ekki meira en 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, tæki ráðherra ákvörðun um hvort veiðar skyldu bannaðar eða takmarkaðar með einhverjum hætti. Leyfi skyldu gefin út fyrir hvert almanaksár en ráðherra væri heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til makrílveiða væri talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra. Í þessari reglugerð var aflanum ekki skipt fyrir fram niður á tiltekna flokka skipa.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sendi frá sér fréttatilkynningu 13. mars 2009 í tilefni af setningu reglugerðar nr. 283/2009. Þar sagði ráðuneytið mikil verðmæti „liggja í nýtingu makrílstofnsins og þá ekki síst til manneldis. Á síðasta ári fóru liðlega 5% af heildarmakrílafli íslenskra skipa til vinnslu til manneldis sem skilar umtalsvert meiri verðmætum en fari aflinn til bræðslu og er auk þess meira í anda sjálfbærrar þróunar. Er því sérstaklega hvatt til þess ... að útgerðir leitist við að vinna sem mest af makrílafli sínum til manneldis. Þá er það skoðun ráðherra að þegar og ef til úthlutunar aflahlutdeildar komi, þurfi að eiga sér stað málefnaleg umræða, hvort

taka eigi tillit til að hvaða marki veiðiskip hafi eða geti veitt makrílafli til manneldis og þá hvort þau njóti þess sérstaklega við úthlutun.“

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gaf út reglugerðir um stjórn makrílveiða íslenskra skipa á árunum 2010 til 2018 fyrir hvert ár. Þær voru, eins og fyrri reglugerðir um makrílveiðar, settar samkvæmt lögum nr. 151/1996, lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og tóku til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja. Í öllum reglugerðunum var leyfilegur heildaraflí ákveðinn, honum skipt fyrir fram niður á tiltekna flokka skipa og tekið fram að færi hann yfir hið tilgreinda mark myndi ráðherra ákveða hvort makrílveiðar yrðu bannaðar. Jafnframt sagði í þeim öllum að veiðileyfi féllu úr gildi ýmist þegar hámarksafla væri náð eða við ákveðið tímamark.

Með reglugerð nr. 285 frá 31. mars 2010 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2010 var heildaraflinn ákveðinn 130.000 lestin það ár, þar af 20.000 lestin á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja, og honum skipt fyrir fram niður á þrjá flokka skipa. Í fyrsta lagi á skip sem veitt höfðu makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og komu í þeirra hlut 112.000 lestin. Í öðru lagi á skip sem stunduðu veiðar með línu og handfærum, netaveiðar og veiðar í gildru og komu í þeirra hlut 3.000 lestin. Í þriðja lagi til skipa sem ekki féllu undir fyrri tvo flokkana og komu í þeirra hlut 15.000 lestin. Með reglugerð nr. 753/2010 var hlutur þeirra sem féllu í fyrsta flokkinn aukinn í 115.600 lestin og samkvæmt því var 115.600 lestin ráðstafað til skipa á grundvelli aflareynslu, eða um 86,5% leyfilegs heildarafla. Um aflheimildir þeirra skipa sagði að þeim skyldi skipt hlutfallslega eftir aflareynslu þeirra á árunum 2007, 2008 og til og með 11. júlí 2009, miðað við landaðan afla, að undanskildum heimildum til veiða í lögsögu Færeyja.

Með reglugerð nr. 233 frá 4. mars 2011 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2011 var leyfilegur heildaraflí í makríl það ár ákveðinn 154.825 lestin, þar af 20.000 lestin á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja, og skyldi honum skipt niður á fjóra flokka skipa. Í fyrsta lagi skyldi 2.000 lestin ráðstafað til skipa sem stunduðu makrílveiðar með línu eða handfærum. Með reglugerð nr. 341/2011 var þetta viðmið aukið í 2.500 lestin. Í öðru lagi skyldi ráðstafa 6.000 lestin til skipa sem ekki frystu afla um borð eftir nánar tilgreindum stærðarflokkum. Með reglugerð nr. 341/2011 var þetta viðmið aukið í 7.000 lestin. Í þriðja lagi skyldi ráðstafa 34.825 lestin til vinnsluskipa í hlutfalli við heildarafkastavísitölu skipa sem mæld skyldi með nánar tilgreindum hætti. Með reglugerð nr. 341/2011 var þetta viðmið lækkað í 33.325 lestin. Í fjórða lagi skyldi ráðstafa 112.000 lestin til skipa sem veitt hefðu makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra í fiskveiðilandhelgi Íslands og var það um 72,3% af heildarúthlutun.

Með reglugerð nr. 329 frá 4. apríl 2012 var heildarafli í makríl árið 2012 ákveðinn 145.227 lestir. Þar af var 105.057 lestum, um 72,3% af heildarúthlutun, ráðstafað til skipa sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra á þeim árum. Með reglugerð nr. 327 frá 12. apríl 2013 var aflinn ákveðinn 123.182 lestir árið 2013. Þar af var 87.303 lestum, um 70,9% af heildarúthlutun, ráðstafað til skipa sem höfðu veitt makríl í flottroll eða nót miðað við aflareynslu þeirra á árunum 2007 til 2009. Með reglugerðum nr. 376 frá 16. apríl 2014 og nr. 644/2014 var aflinn ákveðinn 167.826 lestir árið 2014 og þar af var 117.156 lestum, um 69,8% af heildarúthlutun, ráðstafað til skipa sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007 til 2009.

Með reglugerð nr. 532 frá 16. júní 2015 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2015 var heildarafli íslenskra skipa í makríl það ár ákveðinn 172.964 lestir og honum skipt þannig að 7.026 lestum var ráðstafað til skipa sem stunduðu makrílveiðar með línu og handfærum, 9.270 lestum til skipa sem lönduðu afla til vinnslu í landi, 35.925 lestum til vinnsluskipa og 120.743 lestum (um 69,8% af heildarúthlutun) til skipa sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007–2009.

Með reglugerð nr. 284 frá 6. apríl 2016 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2016 var heildarafli íslenskra skipa í makríl það ár ákveðinn 147.824 lestir og honum skipt þannig að 6.160 lestum var ráðstafað til skipa sem stunduðu makrílveiðar með línu og handfærum, 8.128 lestum til skipa sem lönduðu afla til vinnslu í landi, 31.498 lestum til vinnsluskipa og 105.863 lestum (um 71,6% af heildarúthlutun) til skipa sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007–2009.

Með reglugerð nr. 295 frá 5. apríl 2017 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2017 var heildarafli íslenskra skipa í makríl það ár ákveðinn 168.464 lestir og þar af var 10.929 lestum úthlutað samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða nr. VIII og XVI við lög nr. 116/2006. Eftirstöðvum, 157.535 lestum, var skipt svo að 6.400 lestum var ráðstafað til skipa sem stunduðu makrílveiðar með línu og handfærum, 8.443 lestum til skipa sem lönduðu afla til vinnslu í landi, 32.720 lestum til vinnsluskipa og 109.972 lestum (um 69,8% af úthlutun að undanskilinni úthlutun samkvæmt bráðabirgða-ákvæðum VIII og XVI) til skipa er höfðu veitt makríl í flottroll og nót 2007–2009.

Með reglugerð nr. 351 frá 10. apríl 2018 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2018 var leyfilegur heildarafli í makríl það ár ákveðinn 134.772 lestir og þar af var 9.143 lestum úthlutað samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða nr. VIII og XVI við lög nr. 116/2006, og 1.500 tonna skerðing var vegna framsals til Rússlands, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Eftirstöðvum, 124.129 lestum, var skipt svo að 5.042 lestum var ráðstafað til skipa er stunduðu makrílveiðar með línu og handfærum, 6.654 lestum til skipa er lönduðu afla til vinnslu í landi, 25.781 lest til vinnsluskipa og 86.652

lestum (um 69,8% af úthlutun að undanskilinni úthlutun samkvæmt bráðabirgða-ákvæðum VIII og XVI) til skipa er höfðu veitt makríl í flottroll og nót 2007–2009.

Eins og rakið er nánar hér í kafla um málsástæður stefnanda voru skip stefnanda á meðal þeirra útgerða sem höfðu stundað umræddar makrílveiðar frá því fyrir árið 2008, eftir að makríl fór að ganga í verulegum mæli inn í íslenska lögsögu, og höfðu byggt upp tiltekna veiðireynslu í þá veru að borið hefði að hlutdeildarsetja hana, a.m.k. frá árinu 2011, svo sem að framan greinir, en það var ekki gert og því höfðaði stefnandi framangreint viðurkenningarmál, sem og einnig annað útgerðarfélag, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 509/2017 sem lyktaði með sambærilegum hætti.

Í aðdraganda þessarar málsóknar til heimtu á skaðabótum fól stefnandi endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte ehf. að vinna fyrir sig minnisblað, dags. 6. júní 2019, til þess að reikna út áætlaðan hagnaðarmissi stefnanda vegna framangreindrar skertrar aflahlutdeildar umræddra skipa stefnanda í makríl á árunum 2011–2018 m.t.t. laga nr. 151/1996 og er tekið mið af þar tilgreindum forsendum af hálfu stefnanda. Undir rekstri málsins hefur stefnandi síðan brugðist við vörnum stefnda með því að beiðast dómkvaðningar matsmanna til að meta umræddan hagnaðarmissi, sbr. matsgerð Hersis Sigurgeirssonar, dósents í fjármálum, og Theodórs S. Sigurbergssonar, löggilts endurskoðanda, frá 24. júní 2021, sbr. og viðbótarmat sömu matsmanna að beiðni stefnda með sömu dags., sem liggja fyrir, og hefur stefnandi breytt dómkröfum sínum til lækkunar m.t.t. þess mats sem hann lét afla. Sættir hafa verið reyndar en ekki náðst. Stefndi telur eftir sem áður að stefnandi hafi ekki getað sýnt fram á eiginlegt tjón, en til vara að tjón stefnanda sé í öllu falli miklum mun minna en nemi dómkröfum hans.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Skaðabótakrafa stefnanda er á því reist að honum hafi á árunum 2011 til 2018 með ákvörðunum Fiskistofu verið úthlutað minni aflaheimildum í makríl en rétt hefði verið samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Skylda til hlutdeildarsetningar makrílstofnsins eftir nánar tilgreindri aðferðafræði hafi verið orðin virk er umræddar úthlutanir fóru fram, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Í skilningi þess ákvæðis hafi verið komin á samfelld veiðireynsla í makríl við úthlutun vegna ársins 2011, þar sem ársafli íslenskra skipa árin 2008, 2009 og 2010 hafi í öllum tilvikum verið langt umfram þriðjung ráðstafaðs heildarafla árið 2011. Það að úthlutun fór ekki fram á réttum laga-grunni hafi valdið stefnanda tjóni er stefndi beri ábyrgð á eftir reglum skaðabótaréttar.

Fiskiskip stefnanda hafi stundað makrílveiðar í íslenskri efnahagslögsögu og á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu, frá því að skipulagðar veiðar á makríl hófust. Skip stefnanda, Huginn VE 55 (skipaskrárn. 2411 – hér eftir Huginn), hafi stundað makrílveiðar á því tímabili er um ræðir, en einnig hafi Ísleifur VE 63 (skipaskrárn.

1610 – hér eftir Ísleifur) stundað veiðar á vegum stefnanda árið 2009 og skyldu aflaheimildir þess skips, er úthlutað yrði á grunni veiðireynslu þess í makríl, renna til stefnanda, og hafi Fiskistofa fallist á að færa veiðireynslu Ísleifs í makríl yfir á Hugin.

Árin 2008 til 2010 hafi Huginn samkvæmt gögnum Fiskistofu veitt 7,15% af veiddum heildarafla íslenskra skipa af makríl á því tímabili, en sé veiðireynslu Ísleifs bætt við teljist sameiginleg veiðireynsla á árunum 2008 til 2010 8,15% af heildarafla. Sé miðað við þrjú bestu veiðitímabil beggja skipa á sex ára tímabili fyrir 2011 sé aflinn 8,03%. Á grunni framangreindra reglugerða hafi Fiskistofa úthlutað Hugin aflaheimildum í makríl á árunum 2011 til 2018 í samræmi við fyrirmæli reglugerðanna og þá einnig tekið tillit til veiðireynslu Ísleifs. Á árinu 2011 hafi Hugin samkvæmt þessu verið úthlutað 10.290.974 kg, er numið hafi um 6,38% heildarúthlutunar, 9.401.207 kg á árinu 2012, er numið hafi um 6,49% heildarúthlutunar, 7.812.460 kg á árinu 2013, er numið hafi um 6,51% heildarúthlutunar, 10.483.907 kg á árinu 2014, er numið hafi um 6,51% af heildarúthlutun, 10.804.987 kg á árinu 2015, er numið hafi um 6,25% heildarúthlutunar, 9.473.333 kg á árinu 2016, er numið hafi um 6,18% heildarúthlutunar, 9.841.034 kg á árinu 2017, er numið hafi um 6,25% heildarúthlutunar, og 7.754.204 kg á árinu 2018, er numið hafi um 6,25% heildarúthlutunar.

Stefnandi telji að úthlutun veiðiheimilda í makríl til hans árið 2011 og eftir það hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga nr. 151/1996 og laga nr. 116/2006. Sé þannig miðað við þrjú bestu veiðitímabil Hugins síðustu sex árin fyrir 2011 nemi hlutdeild þess skips 7,05%, en sé miðað við þrjú bestu veiðitímabil beggja skipa á sama tímabili sé samanlögð veiðireynsla 8,03%. Taki dómkrafa stefnanda mið af samanlagðri veiðireynslu Hugins og Ísleifs. Samkvæmt þessu hafi borið að úthluta skipinu 8,03% af heildarafla árið 2011 en ekki 6,38% og hafi sú aflahlutdeild (8,03%) átt að haldast óbreytt milli ára frá árinu 2011. Í samræmi við þetta hafi skerðing aflaheimilda verið 1,65% árið 2011, 1,54% árið 2012, 1,52% árið 2013, sú sama árið 2014, en árið 2015 hafi skerðingin verið 1,78%, árið 2016 hafi skerðingin verið 1,85%, árið 2017 hafi skerðingin verið 1,78% og sú sama árið 2018, 1,78%.

Stefnandi vísi til þess að í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 komi fram að öllum íslenskum skipum séu heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum er leiði af lögum og reglum settum með stoð í þeim. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna skuli ráðherra með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum, sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar séu með stoð í 3. gr. laganna eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varði fiskstofna sem um ræði í 5. gr. þeirra og séu veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skuli leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg séu. Í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 kemur fram að ráðherra geti

sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til slíkra mótmæla, enda þótt ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. sömu laga eigi ekki við. Geti ráðherra í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og séu þær óheimilar án þeirra. Binda megi leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Gildi ákvæði 5. og 6. gr. laganna í þessum tilvikum eftir því sem við á. Niðurlagsákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 sé fortakslaust um það að þegar ráðherra setur sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem falla undir ákvæði málsgreinarinnar gildi ákvæði 5. og 6. gr. laganna eftir því sem við geti átt. Verði samkvæmt þessu að leggja til grundvallar að hin tilvitnuðu lagaákvæði eigi við um makrílveiðar íslenskra skipa innan og utan íslenskrar lögsögu nema á annan veg sé mælt í lögum, en svo sé ekki. Af því leiði ótvírætt að reglur ráðherra sem um skipulag slíkra veiða verði að vera í samræmi við fyrrgreind lagaákvæði, en svo hafi ekki verið.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 komi fram að um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum sem veiðist bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, gildi ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við geti átt, sbr. þó ákvæði þeirrar greinar. Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 gildi sú regla að sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr stofni, er um ræði í 1. mgr. lagagreinarinnar og samfelld veiðireynsla sé á, skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákvæðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla teljist vera samfelld samkvæmt lögnum, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. þeirra, hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni að minnsta kosti þrisvar á undangengnum sex árum svarað til að minnsta kosti þriðjungs þess heildarafla sem sé til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Stefnandi byggir á því að með reglugerðum er ráðherra hafi sett um makrílveiðar íslenskra skipa innan og utan íslenskrar lögsögu á árunum 2008 til 2018 hafi í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 verið tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr makrílstofninum. Miðað við hér framangreint verði þá að gera ráð fyrir að veiðireynsla í makríl hafi í skilningi 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 verið orðin samfelld árið 2011 enda þá augljóslega fullnægt því skilyrði ákvæðisins að ársafli íslenskra skipa úr makrílstofninum hefði a.m.k. þrisvar á undangengnum sex almanaksárum fyrir árið 2011 svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem til ráðstöfunar hefði verið af hálfu íslenskra stjórnvalda það ár. Reglugerðir ráðherra árið 2011 og eftirleiðis hafi hins vegar ekki tekið mið af þessu.

Þann 3. mars 2015 hafi stefnandi höfðað mál á hendur stefnda íslenska ríkinu til að láta reyna á umrætt fyrirkomulag, er endanlega hafi verið leitt til lykta í dómi Hæstaréttar, 6. desember 2019, og þá krafist þess, m.a. á framangreindum grundvelli, að „viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á fjártjóni hans sem leiddi af því að Hugin VE 55, skipaskrárn. 2411, þ. á m. vegna Ísleifs VE 63, skipaskrárn. 1610, var

með ákvörðunum Fiskistofu, á grundvelli reglugerða nr. 233 og 341/2011, 329/2012, 327/2013 og 376 og 644/2014, úthlutað minni aflaheimildum (kg) í makríl árin 2011 til 2014, en skylt var samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.“ Hafi stefnda frá því a.m.k. verið kunnugt um afstöðu stefnanda til réttmætis umræddrar tilhögunar ásamt því að stefnandi hafi tilkynnt stefnda undir rekstri þess dómsmáls að hann myndi krefjast bóta vegna síðari úthlutana færi svo að dómur félli stefnanda í vil í Hæstarétti í hinu fordæmisgefandi máli. Það hafi svo verið áréttað að gengnum dómi Hæstaréttar, sbr. og nú málshöfðun þessa þar sem krafist sé bóta vegna alls þess tjóns sem af þessu fyrirkomulagi hafi leitt. Ísfélag Vestmannaeyja hf., sem hafi verið í sömu stöðu og stefnandi, hafi jafnframt fyrir málshöfðunina leitað til Umboðsmanns Alþingis og stefnda þannig verið kunnugt um þau vanhöld er gætu verið á umræddu fyrirkomulagi.

Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 6. desember 2018 í máli nr. 508/2017 hafi verið fallist á það að stefndi íslenska ríkið bæri „skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem áfrýjandi, Huginn ehf., kann að hafa beðið vegna þess að Hugin VE 55 var á árunum 2011 til 2014 með ákvörðunum Fiskistofu, sem teknar voru á grundvelli reglugerða, úthlutað minni aflaheimildum en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.“ Sjá í þessu sambandi einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 509/2017, sem varðað hafi Ísfélag Vestmannaeyja hf., kveðinn upp sama dag.

Í forsendum dóms Hæstaréttar, er stefnandi geri að sínum til stuðnings kröfum hér, komi fram að veiðireynsla íslenskra skipa í makríl hafi árið 2011 verið orðin samfelld í skilningi 2. málslíðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Af því hafi leitt að samkvæmt 1. málslíð málsgreinarinnar hafi við úthlutun aflaheimilda í makríl árið 2011 verið skylt að ákvarða aflahlutdeild skipa stefnanda á grunni veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil skipanna á undangengnum sex veiðitímabilum. Yrði samkvæmt því að miða við að með umræddum ákvörðunum Fiskistofu, teknum á grunni reglugerða, er að þessu leyti hafi ekki staðist lög, hafi stefnanda verið úthlutað minni aflaheimildum í makríl á árunum 2011-2014 en skylt hafi verið að gera samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Dómur Hæstaréttar hafi aðeins tekið til úthlutana 2011 til 2014, en stefnandi telji ljóst og byggi á því að öll sömu lagasjónarmið eigi líka við um síðari úthlutanir, þ.e. á árunum 2015–2018, að breyttu breytanda.

Sé og á því byggt að skaðabótabyrgð hins opinbera vegna tjóns sem hljótist af því að reglugerðir eða reglugerðarákvæði séu andstæð lögum og ákvörðunum teknum í skjóli þeirra, eins og hér hátti til, sé hlutlæg, en verði ella metin stefnda til sakar í skilningi skaðabótareglna. Þar sem úthlutanir á umræddum árum hafi ekki verið í samræmi við það sem lögs skylt hafi verið, og minni en stefnandi hafi átt rétt til, beri stefndi ábyrgð á því fjártjóni er stefnandi hafi beðið af því að ekki hafi verið fylgt fyrir mælum laga í þeim efnun, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands 15. janúar 1998 í máli

286/1997, 23. febrúar 2006 í máli nr. 371/2005 og 8. október 2009 í máli nr. 39/2009. Þá sé einnig byggt á því að öll önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda séu uppfyllt.

Á Alþingi hafi síðan verið til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segi: „[m]eð frumvarpi þessu er lagt til að aflamarksstjórn verði tekin upp við veiðar á makríl en fram til þessa hefur stjórn veiða á stofninum litið reglugerðum sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra og leyfum frá Fiskistofu sem sett hafa verið til eins árs í senn“. Það sé „tímabært að taka upp slíkt skipulag enda raunar verið skylt um langt árabíl án þess að aðhafst hafi verið í þá átt með öðru en því að auka nokkuð frjálsræði um skipulag veiðanna samkvæmt tédum reglugerðum, þannig að svipað hafi til aflamarksskipulags“. Sé þar vísað til framangreindra dóma Hæstaréttar frá desember sl. og sagt að „[f]orsendur þessara dóma hvíla á því að skv. 2. mgr. 5. gr. úthafsveiðilaganna er skylt að úthluta aflahlutdeild til veiða á deilistofni, sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr við veiðar á honum“, og að „[m]eð frumvarpi þessu er því jafnframt brugðist við niðurstöðu dóma Hæstaréttar“.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins skuli Fiskistofa, þrátt fyrir 2. mgr. 5. gr., úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í Norðaustur-Atlantshafsmakrílstofninum á grunni tíu bestu aflareynsluára þeirra á árunum 2008–2018 að báðum árum meðtöldum. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hafi sér aflareynslu á þessu tímabili skuli það skip sem í staðinn komi njóta þeirrar aflareynslu. Að þessu leyti sé þannig ekki tekið tillit til úthlutunar er stefnandi hefði að réttu lagi notið hefði komið til hlutdeildarsetningar árið 2011, svo sem lögskilyrt hafi verið, og sé allur réttur áskilinn vegna þessa.

Í frumvarpinu segi: „Taka verður fram að uppgjöri bótakrafna vegna veiðistjórnar makríls frá árinu 2011 er frumvarpi þessu óskilyrt. Auk mála útgerðarfélaganna tveggja, sem frá segir hér á undan, standa nú yfir viðræður um gerð dómssáttar í máli tveggja annarra útgerðarféлага sem höfðað höfðu mál í héraði til viðurkenningar á bótaábyrgð ríkisins. Þá hafa enn önnur útgerðarfélög sem, líkt stendur á, sent erindi til ríkislögmans þar sem fram kemur að þau undirbúi málssókn. Um hæð þessara bótakrafna má hafa hliðsjón af kröfu sem lýst var í dómi Hæstaréttar í máli Ísfélags Vestmannaeyja. Málið var höfðað til viðurkenningar á skaðabótaábyrgð þannig að ekki var tekin efnisafstaða til kröfunnar. Hún gefur því aðeins vísbendingu um fremstu kröfur þess félags. Í dóminum er rakið að samkvæmt áliti Deloitte ehf. nemi tjón þess vegna missis aflaheimilda í makríl á árunum 2011–2014 um 2,3 milljörðum króna. Vænta má að hliðstæð krafa sé vegna áranna síðan, þ.e. áranna 2015 til 2018.“

Stefnandi hafi farið þess á leit við Deloitte ehf. að reikna út fjártjón hans vegna þess að aflaheimildir skipa hans í makríl hafi þannig verið skertar. Hafi Deloitte miðað við veiddan afla á þremur bestu veiðitímabilum hvers skips stefnanda á árunum 2006 til 2010, heildarafla þessara þriggja veiðitímabila svo verið lagður saman og hlutdeild

skipanna í heildarafla tímabilsins fundin. Þannig sé fundið út hver aflahlutdeild hvers skips hefði að réttu lagi átt að vera 2011 ef makrílstofninn hefði verið hlutdeildarsettur og gert ráð fyrir að sú aflahlutdeild hefði haldist óbreytt á milli ára frá 2011.

Nánar tiltekið sé við mat á hagnaðarmissi stefnanda stuðst við jaðarframlegð makríls á hvert kg hjá stefnanda fyrir hvert ár á tímabilinu 2011 til 2018 byggða á upplýsingum og gögnum úr fjárhagsbókhalda stefnanda. Jaðarframlegð sé skilgreind sem sú framlegð sem áætlað sé að hver viðbótareining (hér hvert kg af makríl) skili stefnanda. Til að áætla jaðarframlegð sé breytilegur kostnaður dreginn frá tekjum hvers skilgreinds tímabils og deilt niður á fjölda kg af makríl. Útreikningar á jaðarframlegð byggist á hlutfallslegri skiptingu aflans, þ.e. hversu stór hluti aflans hafi verið seldur til frýstingar, hversu stór hluti hafi verið seldur til mjölvinnslu, hversu stór hluti hafi verið ónýttur og hversu stórum hluta hafi verið landað í verktöku. Niðurstöður útreikninga á jaðarframlegð og hlutfallslegri skiptingu aflans séu síðan notaðar til þess að reikna áætlað framlegðartap stefnanda, sem sé talið jafngilda hagnaðarmissi, sbr. nánar fyrirbyggjandi og ítarlegar útreikningsforsendur Deloitte.

Í útreikningum Deloitte sé reiknuð út jaðarframlegð hvers árs á hvert kg. Skertar aflaheimildir samkvæmt framangreindum forsendum séu þá margfaldaðar með jaðarframlegðinni og þannig fengin skert framlegð eða hagnaðarmissir ársins sem stefnandi telji tjón sitt vegna þeirra reglugerða er verið hafi andstæðar lögum. Í samræmi við það, sbr. fyrri forsendur, hafi skerðing aflaheimilda og tjón hvers árs verið eftirfarandi:

a. Skerðing aflaheimilda árið 2011 var 1,65% eða 2.655.218 kg. Jaðarframlegð ársins 2011 var um 71,7 kr. á hvert kg og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 190.401.620 kr.;

b. Skerðing aflaheimilda árið 2012 var 1,54% eða 2.229.998 kg. Jaðarframlegð ársins 2012 var um 39,6 kr. á hvert kg og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 88.203.946 kr.;

c. Skerðing aflaheimilda árið 2013 var 1,52% eða 1.820.561 kg. Jaðarframlegð ársins 2013 var um 48,7 kr. á hvert kg. og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 88.677.347 kr.;

d. Skerðing aflaheimilda árið 2014 var 1,52% eða 2.440.601 kg. Jaðarframlegð ársins 2014 var um 27,2 kr. á hvert kg og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 66.355.107 kr.;

e. Skerðing aflaheimilda árið 2015 var 1,78% eða 3.080.470 kg. Jaðarframlegð ársins 2015 var um 20,6 kr. á hvert kg og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 63.463.531 kr.;

f. Skerðing aflaheimilda árið 2016 var 1,85% eða 2.831.428 kg. Jaðarframlegð ársins 2016 var um 41,1 kr. á hvert kg og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 116.350.080 kr.;

g. Skerðing aflaheimilda árið 2017 var 1,78% eða 2.804.609 kg. Jaðarframlegð ársins 2017 var um 38,2 kr. á hvert kg og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 107.076.052 kr.;

h. Skerðing aflaheimilda árið 2018 var 1,78% eða 2.209.874 kg. Jaðarframlegð ársins 2018 var um 53,7 kr. á hvert kg og hagnaðarmissir ársins vegna skertra aflaheimilda 118.583.268 kr.

Samkvæmt þessum forsendum sé niðurstaða Deloitte að tjón stefnanda vegna hagnaðarmissis sé alls að höfuðstólsfjárhæð 839.110.951 króna, sbr. dómkröfur í A- og B-lið. Stefnandi byggir jafnframt á því að honum hefði verið unnt að fullnýta þessar aflaheimildir, en að því marki er svo væri ekki hefði stefnandi þess utan getað framselt þær gegn endurgjaldi og byggir stefnandi á því að tjónið sé þá sömu fjárhæðar.

Í A-lið dómkrafna stefnanda sé krafist bóta vegna samanlagðs fjártjóns á árunum 2011–2014, sbr. hér a–d-liði, að höfuðstólsfjárhæð alls 433.638.020 krónur, sem beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 fjögur ár aftur í tímann miðað við málshöfðun þessa, þ.e. frá 16. júní 2015, en þá hafi stefnandi sannanlega lagt fram þær upplýsingar sem þörf hafi verið á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, enda höfðu útreikningar á tjóni stefnanda verið kynntir stefnda, og til greiðsludags. Í A-lið dómkrafna sé til vara krafist skaðabótavaxta, sbr. 8. gr. sömu laga, af sömu höfuðstólsfjárhæð og frá sama tímamarki, en þá höfðu hin bótaskyldu atvik, er þessi dómkrafa taki til, öll átt sér stað. Litið sé á einstaka reglugerðarsetningu á tímabilinu 2011–2014 sem hinn bótaskylda atburð. Síðan sé krafist dráttarvaxta frá þingfestingu máls þessa til greiðsludags, sbr. 4. mgr. 5. gr. og 9. gr. sömu laga. Varðandi aðal- og varakröfu sé áskilinn réttur til að miða upphafstíma vaxta og dráttarvaxta við síðara tímamark gefi varnir stefnda sérstakt tilefni til.

Í B-lið dómkrafna stefnanda sé krafist bóta vegna samanlagðs fjártjóns á árunum 2015–2018, sbr. hér e–h-liði, að höfuðstólsfjárhæð alls 405.472.931 króna, er beri skaðabótavexti, sbr. og 8. gr. laga nr. 38/2001, er nánar greini í dómkröfu. Sé litið svo á að hver reglugerðarsetning teljist hinn bótaskyldi atburður sem marki upphaf skaðabótavaxta í hvert sinn, en áskilinn sé réttur til að miða við síðara tímamark, svo sem lok hvers fiskveiðiárs eða vertíðarlok, gefi varnir stefnda tilefni til. Sé þá krafist dráttarvaxta frá þingfestingu, sbr. 4. mgr. 5. gr. og 9. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Í dómkröfum stefnanda felist að vextir og dráttarvextir höfuðstóls færast á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. Þrátt fyrir að leiða megi af dómaframkvæmd að ekki þurfi að kveða á um slíkt í kröfugerð og dómsorði, heldur leiði slíkt beint af 12. gr. laga nr. 38/2001, sé slík kröfugerð þó sett hér fram formsins vegna.

Eins og fyrr sagði lækkaði stefnandi dómkröfur sínar í báðum liðum með bókun eftir að matsgerð dómkvaddra matsmanna lá fyrir.

Um lagarök vísast til almennra reglna skaðabótaréttar, þ.m.t. um skaðabóta-
ábyrgð hins opinbera vegna tjóns er hlýst af því að reglugerðir eða reglugerðarákvæði,
og ákvarðanir í skjóli þeirra, séu andstæð lögum. Jafnframt vísist meðal annars til laga
nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu
Íslands. Jafnframt vísist til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, helst ákvæða
III. og IV. kafla laganna um dráttarvexti og vexti af skaðabótakröfum. Krafa um
málskostnað byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefjast sýknu af kröfum stefnanda. Stefndi telji sönnunarfærslu fyrir tjóni
ekki hafa tekist og önnur skilyrði skaðabótaréttar um stofnun bótakröfu ekki uppfyllt.

Til að gefa rétta mynd af atvikum hafi stefndi aflað umsagnar Fiskistofu þar sem
farið sé skipulega yfir úthlutanir til fiskiskipa sem málið taki til og tölulegar forsendur
um meinta skerðingu aflaheimilda að teknu tilliti til umræddra dóma Hæstaréttar. Með
umsögn Fiskistofu sé sett upp líkan af hlutdeildarsetningu makrils eins og hún hefði
verið ef hún hefði verið framkvæmd árið 2011 í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr.
151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Hafi Fiskistofa fundið út hver hefði
verið aflahlutdeild hvers og eins af skipum stefnanda samkvæmt veiðireynslu.

Samkvæmt síðastnefndu líkani sé sú aðferð röng er stefnandi noti við útreikning
veiðireynslu og sé grunnforsenda skaðabótakröfu hans. Stefndi miði við þrjú bestu
veiðiár hans fyrir árið 2011 en taki þá ekki tillit til réttinda annarra skipa er veitt hafi
makríl á viðmiðunartímabilinu. Hluti þeirra hafi átt sín bestu veiðiár á öðrum þremur
viðmiðunartímabilum en skip stefnanda og því átt tilkall til aflahlutdeilda í samræmi
við þau. Ef aflahlutdeildir hefðu verið reiknaðar út með þeim hætti sem gert sé í stefnu
hefði stefnandi fengið meiri hlutdeildir en honum hefði borið, útgerðum annarra skipa
í flotanum, sem eins stóð á um, til tjóns. Byggist kröfur stefnanda þannig á röngum
útreikningi á aflahlutdeildum sem skip hans hefðu fengið ef hlutdeildarsetning makrils
hefði farið fram árið 2011 í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Þannig sé
framangreind sönnunarfærsla stefnanda byggð á röngum grunni.

Nánar tiltekið byggist bótakrafa stefnanda á því að stefnda hafi borið að úthluta
stefnanda 8,03% af úthlutuðum afla hvers árs. Í áðurnefndri umsögn Fiskistofu, og
fylgiskjölum með henni, sé hins vegar að finna sundurliðun á hlutdeild hvers skips,
annars vegar eftir framsetningu stefnanda (B-hlutdeild), og hins vegar þá tekið sé mið
af öllum viðmiðunarárunum samkvæmt framansögðu (A-hlutdeild). Af því sjáist að
sú hlutdeild er stefnandi reikni með fyrir hvert skip og flota sinn í heild sé of há.

Eins og Fiskistofa hafi bent á hafi stefnandi miðað útreikninga sína við að skylda
stefnda til að hlutdeildarsetja makrílveiðar íslenskra skipa árið 2011 hafi hvílt á 1. og
2. mgr. 9. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Stefndi telji þetta ranga aðferð,

sbr. umsögn Fiskistofu, þar sem sérstaklega komi fram í dómum Hæstaréttar í málum nr. 508/2017 og nr. 509/2017 að skyldan hafi hvílt á stefnda samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og því hafi átt að styðjast við aðferðafræði samkvæmt því ákvæði.

Stefnandi geti ekki átt skaðabótarétt nema hann sýni með óyggjandi hætti fram á að hag hans hefði orðið betur borgið ef af hinni bótaskyldu háttsemi hefði ekki orðið. Stefndi hafi haft ýmsa valkosti þegar kom að því hvernig staðið yrði að úthlutun veiðiheimilda í nýjum nytjastofni. Hvernig sú atburðarás hefði orðið liggi ekki fyrir en stefnandi geti hins vegar ekki lagt til grundvallar að hagfelldasti kosturinn í hans garð hefði orðið ofan á, eins og málsókn hans byggist á. Megi í því sambandi til dæmis benda á nýlega lagasetningu um úthlutun á aflaheimildum í makríl.

Mál þetta lúti að miklu leyti að hugleiðingum stefnanda um það hvernig úthlutun á aflaheimildum til makrílveiða hefði farið fram ef sú úthlutun er Hæstiréttur hafi talið vera í ósamræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 hefði ekki átt sér stað. Stefndi hafni því að unnt sé að gefa sér að úthlutunin hefði verið, við þær aðstæður, í samræmi við það sem stefnandi lýsi í stefnu. Ýmis sjónarmið hafi verið á lofti um veiðistjórnun er kæmi betur til móts við byggðastefnu, betri nýtingu afla, fullvinnslu, frekari dreifingu og gjaldtöku, sem stjórnvöld hefðu mögulega litið til þegar kæmi að því að móta stefnu um nýjan öflugan nytjastofn. Ráðherra hefði á þessum tíma t.a.m. getað bundið úthlutun aflaheimilda skv. 2. mgr. 5. gr. laganna því skilyrði að skip myndu afsala sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands. Afsal þeirra aflaheimilda hefði jafnframt getað numið allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar hefðu verið á grundvelli þeirrar málsgreinar, reiknað í þorskígildum. Ljóst sé að ef svo hefði orðið hefði framlegð af rekstri stefnanda ekki aukist með þeim hætti sem stefnandi gefi sér í stefnu og tjón stefnanda vegna hagnaðarmissis því ekkert orðið.

Rétt sé að fjalla um yfirlit Fiskistofu þar sem stofnunin hafi fjallað um hvert og eitt fiskiskip úr flota stefnanda með tilliti til veiðireynslu og úthlutana. En áður en litið sé á útreikninga og líkön í umsögn Fiskistofu verði að horfa á þá umfjöllun í ljósi þess að ekki sé hægt að gefa sér með neinni vissu að ákvörðun heildaraflamagns og reglur um úthlutun hefðu orðið eins og stefnandi ráðgeri eftir á. Alls kyns atriði hefðu getað komið til, eins og minna heildaraflamagn eða magn til veiðireynsluskipa, úthlutun verið bundin skilyrðum eða ýmis önnur atriði, jafnvel lagabreytingar. Sé því óraunhæft að gefa sér tiltekna ímyndaða atburðarás eftir á eins og stefnandi geri hér.

Víkur þá að útreikningum Fiskistofu, en stefnandi hafi átt eftirtalin skip er stundað hafi makrílveiðar á viðmiðunartímabili samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og þau þá átt veiðireynslu sem hér segi:

- Huginn VE-55 (Huginn), skipaskrárnúmer 2411 = 25.056.940 kg
- Ísleifur VE-63 (Ísleifur), skipaskrárnúmer 1610 = 4.340.853 kg

Veiðireynsla skipa stefnanda þrjú bestu veiðiár hvers þeirra á makrílveiðum á tímabilinu 2005–2010 hafi því samtals verið = 29.397.793 kg.

Fiskistofa hafi einnig tekið saman líkan af hlutdeildarsetningu árið 2011.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 segi að sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr fiskistofnum skv. 1. mgr. 5. gr., sem samfelld veiðireynsla sé í, skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla teljist vera samfelld samkvæmt lögunum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem sé til ráðstöfunar af hálfu stjórnvalda. Líkan að hlutdeildarsetningu veiðiheimilda skipanna, eins og hún hefði verið ef hún hefði verið framkvæmd árið 2011, að teknu tilliti til áhrifa af 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæði VIII til bráðabirgða við lögin, hafi verið sett upp. Samkvæmt því hefðu skipin fengið í sinn hlut aflahlutdeildir í makríl sem hér segi:

Huginn: Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 7,0376889% aflahlutdeild í makríl. Að teknu tillit til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segi:

Árið 2011	10.896.102 kg
Árið 2012	10.220.624 kg
Árið 2013	8.669.166 kg
Árið 2014	11.811.072 kg
Árið 2015	12.172.668 kg
Árið 2016	10.403.393 kg
Árið 2017	11.855.972 kg
Árið 2018	9.484.834 kg

Ísleifur. Skipið hafi verið í eigu stefnanda frá júní 2009 til ágúst sama ár. Það ár hafi skipið veitt 3.493.545 kg af makríl. Sú veiðireynsla hafi síðan verið færð yfir á Ísleif VE-63 (2388) 19. apríl 2019, en það skip sé ekki í eigu stefnanda, heldur Vinnslustöðvarinnar hf. Árið 2010 hafi Ísleifur svo einnig verið í eigu Vinnslustöðvarinnar hf. og það ár veitt 847.308 kg af makríl. Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 1,2192061% aflahlutdeild í makríl. Að teknu tillit til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segi:

Árið 2011	1.887.636 kg
Árið 2012	1.770.616 kg
Árið 2013	1.501.842 kg
Árið 2014	2.046.145 kg

Árið 2015	2.108.788 kg
Árið 2016	1.802.279 kg
Árið 2017	2.053.923 kg
Árið 2018	1.643.148 kg

Aflahlutdeild Ísleifs hefði samkvæmt þessu öll fallið til Ísleifs VE-63 (2388) sem ekki sé né hafi verið í eigu stefnanda. Stefnandi hafi því ekki átt tilkall til aflahlutdeildar vegna umrædds skips. Stefnandi hafi því ekki orðið fyrir tjóni vegna þess að skipið hafi ekki fengið aflahlutdeild í makríl árið 2011.

Stefndi byggi sýknukröfu auk framangreinds á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjártjóni vegna úthlutunar stefnda á aflaheimildum til stefnanda á árunum 2011–2018 og að aðrar ástæður standi kröfum stefnanda í vegi. Séu málsókn stefnanda og kröfur ekki studdar haldbærum röksemdum um ætlað tjón og engum haldbærum sönnunargögnum. Stefnandi byggi málsókn á röngum forsendum, efnislega og tölulega. Byggi hann í reynd aðeins á einu skjali, minnisblaði Deloitte frá 6. júní 2019.

Skjalið sé unnið einhliða að beiðni stefnanda og einungis byggt á hugmyndum stjórnenda stefnanda að því er fram komi. Sé skjalið unnið á grundvelli verkbeiðni frá stefnanda sem ekki liggi fyrir í málinu. Það sé sagt unnið á grunni fyrirbyggjandi gagna án þess að þau séu talin upp eða útlistuð. Fyrirvarar í minnisblaðinu séu margir, ekki sé tekið tillit til ýmissa þátta og ekki verið „farið ítarlega yfir alla þá þætti sem kunnir að skipta máli varðandi efnis þess“. Útreikningar á meintri aflahlutadeild stefnanda séu sagðir byggðir á þeim upplýsingum sem lögmaður stefnanda hafi látið í té. Mjög óljóst sé hvað átt sé við með jaðarframlegð og telji stefndi þá aðferð ekki raunhæfa. Blandað sé saman útgerð og lönduðum afla í verktöku án rökstuðnings. Sé hér í reynd byggt á óraunhæfum getgátum þar sem gríðarlega margir óvissuþættir komi við sögu.

Stefnandi hafi ekki lagt fram gögn úr bókhaldi félagsins sem veita kynnu nánari vísbendingar um rekstrarniðurstöður af makrílveiðum sérstaklega. Stefnandi hafi t.a.m. ekki lagt fram upplýsingar um það hvort hagnaður hafi í reynd verið af makrílveiðum sérstaklega, og upplýsingar um rekstrarkostnað, breytilegan eða fastan, séu ónógar og vanmetnar. Þá sé ósannað að ákvarðanir ráðherra hafi haft áhrif á reksturinn enda virðist hann hafa skilað umtalsverðum hagnaði á öllu tímabilinu sem um ræðir.

Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir ætluðu tjóni sínu. Telji stefndi tjónið með öllu ósannað og því ókleift að fallast á kröfur eða málátilbúnað stefnanda. Liggi engin gild gögn fyrir til stuðnings kröfum stefnanda og beri því að sýkna stefnda af kröfum hans.

Reglugerðir þær sem stefnandi hafi hér byggt á að hafi ekki veitt félaginu frekari aflaheimildir hafi verið settar íslenskum útgerðum til mikilla hagsbóta og sé í því efni margt að gæta. Ljóst sé að aflaheimildir séu í reynd sameign íslensku þjóðarinnar, sbr. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga. Sem fram komi í dómum Hæstaréttar hafi reglugerðir um makrílveiðar sprottið af því að stefndi hafi aflað íslenskum útgerðum umtalsvert

meiri afla en komið hefði í hlut Íslands ef ekki hefðu komið til mótmæli við ályktunum um heildarafla makrils og samningum einstakra ríkja og ríkjasambands. Með þessu hafi stefndi aflað íslenskum útgerðum, þ.á m. stefnanda, aflamagns langt umfram það sem annars hefði komið til. Verði að mati stefnda að líta til þessa sérstaklega við mat á tjóni. Þannig verði ekki horft fram hjá því að í því réttarbroti sem Hæstiréttur hafi talið vera á úthlutun aflaheimilda með reglugerðum um makrílveiðar hafi falist miklir hagsmunir og heimildir til handa stefnanda sem og öðrum útgerðum sem ólíklegt sé að hefðu komið til annars. Hafi ákvarðanir stjórnvalda um að mótmæla skiptingu á alþjóðavettvangi ekki síst verið byggðar á því að makrill hafi að stærstum hluta veiðst í íslenskri efnahagslögsögu þótt um deilistofn sé að ræða. Standist það ekki almennar reglur fébótaréttar að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna athafna sem á sama tíma og á sömu forsendum hafi aukið til muna heimildir til veiða. Séu því ekki uppfyllt skilyrði um orsakasamband eða sennilega afleiðingu og ætlað tjón stefnanda ekki verndað af reglum skaðabótaréttar við þessar aðstæður. Stefnandi og aðrar útgerðir sem höfði nú sams konar mál á sama tíma hafi fengið yfir 80% af aflaheimildum í makríl án endurgjalds en mál þessi varði aðeins skerðingu á þeirri forgangsöröðun stjórnvalda er komið hafi fram við breytingar á reglugerð um stjórn veiðanna 2011.

Þá verði að nefna að Hæstiréttur hafi vikið sér undan því í nefndum dómum að skylda til hlutdeildarsetningar hafi í reynd orðið virk á árunum 2009–2010 þegar og með sama hætti og árið 2011. Á því tímabili hafi ekki verið samfelldri veiðireynsla til að dreifa. Hefði ráðherra tekið ákvörðun um takmörkun á heildarafla í upphafi hefði hann einungis átt tvo kosti á skiptingu hans samkvæmt 5. gr. laga nr. 151/2006, annars vegar að skipta hlutdeild á milli þeirra sem veiðireynsla hafi haft samkvæmt 2. mgr. 5. gr. (þrjú veiðitímabil), en hins vegar, ef slík reynsla var ekki fyrir hendi, að ákveða aflahlutdeild í samræmi við fyrirmæli 6. mgr. 5. gr. Ekkert af þessu hafi ráðherra gert á fyrstu árum veiðanna heldur hafi heildarafla verið ákveðinn með ólympísku veiðifyrirkomulagi. Af því hafi m.a. leitt það að öflun veiðireynslu skipa stefnanda – a.m.k. sumra ef ekki allra – sem hann byggði á að miða eigi aflahlutdeild sína við, sé til komin vegna ákvarðana ráðherra sem ekki hafi átt sér stoð í lögum.

Stefnandi hafi heldur ekki sýnt fram á að reglugerðir um makrílveiðar hafi í reynd haft neikvæð áhrif á afkomu stefnanda í heild eða á milli ára. Það hafi miklu fremur verið aðgerðir stjórnvalda sem aukið hafi til muna tækifæri stefnanda og annarra útgerða, sem nú höfði síðan mál til greiðslu skaðabóta.

Stefndi byggði þá á því að stefnanda hafi verið í lófa lagið að bera strax í upphafi undir dóm, þegar hinar umdeildu reglugerðir hafi fyrst verið settar, hvort félagið ætti rétt á frekari aflaheimildum ef forsvarsmenn þess hefðu talið að reglugerðirnar skorti lagastoð eða að félagið ætti rétt á frekari heimildum að lögum. Hafi stefnandi hæglega getað borið það undir dóm, eftir atvikum á grunni 25. gr. laga nr. 91/1991, og þá óskað

eftir flýtimeðferð, sbr. XIX. kafla þeirra. Ef hagsmunir stefnanda sem útgerðarfyrirtækis hefðu staðið til þess að veiða meiri afla hefði verið rétt að bera málið þá þegar undir dóm og takmarka ætlað tjón. Byggi stefndi á almennum reglum fébótaréttar um skyldu tjónþola til að takmarka tjón sitt. Telji stefndi að þetta, þá eftir atvikum ásamt tómlæti stefnanda, þ.m.t. fyrningu krafna, eigi að leiða til sýknu af kröfum stefnanda.

Komist dómurinn að því að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni og að tjón hans sé að einhverju leyti sannað byggi stefndi sýknukröfu á því að tómlæti stefnanda sé slíkt að það komi í veg fyrir að taka megí kröfur hans til greina. Þá sé krafa stefnanda a.m.k. fyrnd að hluta, en dómur Hæstaréttar í máli stefnanda hafi tekið til áranna 2011–2014 þar sem bótaskylda hafi verið viðurkennd vegna tjóns sem stefnandi kynni að hafa orðið fyrir vegna þess að úthlutað hefði verið minni aflaheimildum vegna tiltekinna skipa. Ætlað tjón vegna annarra skipa sé því fyrnt og kröfur vegna þeirra eldri en fjórum árum fyrir málshöfðun, sbr. lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, en kröfugerð nú taki til einnig til annars skips en dómsorð Hæstaréttar geri ráð fyrir. Byggi stefndi einnig á því að tómlæti standi þeim kröfum öllum í vegi. Þrátt fyrir ákvæði seinni málsliðar 1. mgr. 15. gr. laga nr. 150/2007 sé krafa stefnanda í heild vegna ætlaðs tjóns eftir 2014 en fyrir 13. júní 2015 einnig fallin niður fyrir fyrningu. Stefnandi hafi tekið við úthlutun aflaheimilda á hverju ári frá 2011 án þess að geta um að hann setti fram fjárkröfu á hendur stefnda. Allan þennan tíma hafi stefnanda mátt vera ljóst að stefndi teldi sér ekki skylt að hlutdeildarsetja makrílstofninn. Stefnda hafi við svo búið verið heimilt að líta svo á að stefnandi teldi sig ekki verða fyrir tjóni.

Umboðsmaður Alþingis hafi fjallað um reglugerðir þær sem settar hafi verið um makrílveiðar í málum hans nr. 7021/2012 og 7400/2013 sem lokið hafi 30. júní 2014. Hafi umboðsmaður komist að þeirri niðurstöðu að ákvörðun stjórnvalda um það að hlutdeildarsetja ekki makrílstofninn frá árinu 2011 hefði ekki verið í samræmi við lög. Þrátt fyrir það hafi stefnandi ekki gert reka að fjárkröfu eða kynnt stefnda þau áform tölulega. Frá því að álit umboðsmanns Alþingis lá fyrir og þar til stefnandi höfðaði mál þetta til greiðslu skaðabóta hafi liðið um fimm ár. Allan þann tíma og á tímabilinu fyrir álit umboðsmanns hafi stefnandi tekið við aflaheimildum þeim sem honum hafi verið úthlutað án nokkurra fyrirvara eða áskilnaðar. Stefndi telji að stefnandi hafi sýnt af sér umtalsvert tómlæti með því að setja ekki fram fjárkröfu eða haga málsókn sinni á annan hátt í flýtimeðferðarmáli, eins og fyrr sé lýst. Tómlætið hafi sannanlega vakið traust hjá stefnda á því að stefnandi myndi ekki gera fjárkröfur á hendur stefnda. Verði komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi yfirhöfuð átt kröfu á hendur stefnda telji stefndi því að samt sem áður beri að sýkna hann þar sem krafa stefnanda sé öll fallin niður sökum tómlætis sem og fyrningar að hluta.

Auk framangreinds byggi stefndi í málinu á eftirfarandi málsástæðum sem sjálfstætt og eða í heild eigi hver um sig að leiða til sýknu hans að mati stefnda.

Frumforsenda þess að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni sé að hann hefði getað nýtt þær aflaheimildir sem byggt sé á að honum hefði átt að úthluta. Það sé mat stefnda að þrátt fyrir að stefnandi hefði fengið aukinni aflaheimild úthlutað þá hefði hann ekki getað veitt þann afla. Að minnsta kosti sé það alls kostar ósannað. Stefnandi hefði því ekki fengið sannanlega viðbótarframlegð af aukinni aflaheimild og hagnaðarmissir hans hafi þar af leiðandi enginn verið vegna úthlutunar minni aflaheimilda.

Af samanburði á úthlutaðri aflaheimild og raunverulegum afla stefnanda við makrílveiðar á tímabilinu 2011–2018 megi ráða að stefnandi hafi ekki náð hámarksnýtingu úthlutaðrar aflaheimildar. Þannig megi ráða af skýrslu Deloitte að stefnandi hafi veitt 74.098.594 kg en fengið úthlutað 75.862.016 kg á umræddu tímabili. Stefnandi hafi því ekki veitt allt er hann hafi haft heimild til að veiða árin 2011–2018. Aukin aflaheimild til viðbótar við raunúthlutun aflaheimilda hefði því engu skilað til reksturs stefnanda og tjón hans vegna hinnar skertu aflaheimildar því ekkert verið.

Þá bendi stefndi á að samkvæmt ákvæðum reglugerða um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa frá árunum 2012 til 2018 hafi stefnanda verið heimilt að veiða allt að 10% umfram úthlutaðar heimildir í makríl (yfirleitt skv. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðanna). Stefnandi hafi því í raun, a.m.k. að hluta til, haft þær aflaheimildir sem hann telji sig hlunnfarinn um á viðmiðunartímabilinu. Þrátt fyrir það hafi stefnandi ekki nýtt sér þá auknu aflaheimild sem reglugerðirnar hafi kveðið á um að hann gæti nýtt sér á tímabilinu né hafi hann nýtt leyfi til færslu heimilda eftir því sem reglugerðirnar hafi kveðið á um. Stefnandi telji sig hins vegar nú hafa orðið fyrir hundruða milljóna króna tjóni sökum þess að hann hafi ekki fengið enn frekari aflaheimildum úthlutað. Hefði stefnandi talið að arðbært væri að veiða makríl umfram það sem honum hafi verið úthlutað hefði hann nýtt sér umrædda heimild reglugerðanna. Staðreyndin sé hins vegar sú að stefnandi hafi ekki getað veitt meira en hann hafi í raun gert og umframaflaheimild hefði því engu skilað til reksturs hans. Stefndi telji því augljóst að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni. Að minnsta kosti sé tjónið að mati stefnda ósannað enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á að aukin aflaheimild hefði nokkru skilað til reksturs hans.

Stefnandi byggir m.a. á því að að því marki sem stefnandi hefði ekki fullnýtt aflaheimildir sínar hefði félagið framselt þær gegn endurgjaldi. Tjón stefnanda vegna þessa nemi sömu fjárhæð og áætluð framlegð stefnanda af veiðum og vinnslu aflans. Þessu hafni stefndi. Stefnandi virðist þannig ekki átta sig á því að frá árinu 2011 og til 2015 hafi ríkt framsalsbann á aflaheimildum til makrílveiða. Fjártjón stefnanda sem nemi töpuðum ágóða af framsali aflaheimilda hafi því ekkert verið á því tímabili.

Stefndi hafni því jafnframt að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna tapaðs ágóða af framsali aflaheimilda á tímabilinu 2015–2018, en ljóst sé að framsal á því tímabili hafi verið miklum takmörkunum háð. Þannig hafi m.a. verið settar skorður við því á milli hvaða skipa heimilt væri að flytja aflaheimildir. Auk þess sé algjörlega ósannað hvert endurgjald fyrir aflaheimildina hefði verið á þessu tímabili og hvort umframaflaheimild hefði verið seljanleg yfirhöfuð, en um 3000 tonn hafi t.a.m. verið ónotuð af úthlutuðum heildarafa á árunum 2017 og 2018 og um 600 tonn á árinu 2016. Telji stefnandi sig hafa orðið fyrir fjártjóni á þessum grunni felist það ekki í framlegð af útgerð félagsins eins og útreikningar hans geri ráð fyrir.

Stefndi byggir þá á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjártjóni þar sem þau skip sem ætluð hafi verið til makrílveiða og hefðu fengið hinni auknu aflaheimild úthlutað hafi skilað stefnanda umtalsverðri framlegð með öðrum veiðum þann tíma sem þau hefðu ella stundað makrílveiðar. Sú framlegð nemi jafnframt hærri fjárhæð en krafa stefnanda er byggist á hagnaðarmissi vegna skertrar úthlutunar aflaheimilda. Tjón stefnanda vegna minni úthlutunar aflaheimilda til makrílveiða hafi því ekkert verið.

Í skýrslu Deloitte sem stefnandi byggir á komi einnig fram að ekki hafi verið sýnt fram á að afkastageta hafi verið fyrir hendi hjá stefnanda á þeim árum er um ræði. Ráðast hefði því þurft í frekari fjárfestingar til að afla þess makríls sem bótakrafan byggist hér á, en ekki sé gert ráð fyrir slíkum kostnaði í útreikningum á stefnukröfum.

Stefndi byggir sýknukröfu á því að fjártjón stefnanda vegna úthlutunar stefnda á aflaheimildum til stefnanda á árunum 2011–2018 sé ósannað, en stefnandi hafi byggt kröfur sínar á minnisblaði Deloitte. Fyrir utan það að minnisblaðið sé byggt á miklum fyrirvörum og áreiðanleiki gagna sé ekki kannaður sé þar um einhliða álit að ræða sem sagt sé samið á grundvelli verksamnings við stefnanda og til afnota í dómsmáli. Minnisblaðið sé gert á grunni þess samnings, að því er virðist, en hvergi hafi stefnda verið kunngjört það eða hann fengið að tjá sig við samningu þess. Höfundar þess hafi ekki verið dómkvaddir á grunni XII. eða IX. kafla laga nr. 91/1991 og virðist stefnandi á engum stigum hafa hlutast til um slíkt mat. Stefndi mótmælir eindregið niðurstöðum í minnisblaðinu sem dómkröfur stefnanda byggist á. Liggi því ekki fyrir sönnun fyrir ætluðu tjóni stefnanda er byggjandi sé á. Þetta leiði til sýknu, en þó hugsanlega til frávísunar án kröfu, enda sé engum haldbærum sönnunargögnum hér til að dreifa.

Stefndi telji að útreikningar stefnanda á kröfu sinni séu beinlínis rangir. Stefndi byggir á því að við hlutdeildarsetningu hefðu skip hans átt að fá tiltekið hlutfall af aflahlutdeildum í makríl. Að mati stefnda fái þessi staðhæfing ekki staðist þar sem þar sé ekki tekið tillit til réttinda annarra skipa er veitt hafi makríl á viðmiðunartímabilinu. Hluti þeirra skipa hafi átt sín bestu veiðiár á öðrum þremur veiðitímabilum en skip stefnanda og því átt tilkall til aflahlutdeildar í samræmi við þau. Ef aflahlutdeildir hefðu verið reiknaðar með þeim hætti sem gert sé í stefnunni hefði stefnandi fengið

meiri hlutdeild en honum hefði borið, öðrum útgerðum til tjóns. Að auki virðist útreikningar stefnanda aðeins miðaðir við þrjú síðustu árin frá því að skyldan til hlutdeildarsetningar stofnaðist. Þetta sé röng aðferð enda komi skýrlega fram í 2. mgr. 5. gr. að miða skuli við þrjú bestu af undangengnum sex veiðitímabilum.

Stefndi telji einnig ósannað að stefnandi hefði getað veitt eða selt þá aflaheimild sem byggt sé á að úthluta hefði átt til skipa í hans eigu. Aflaheimild til makrílveiða sé í eðli sínu sýnd veiði en ekki gefin. Eins og ráða megi af framangreindum samanburði á úthlutaðri aflaheimild og raunafla skipa sé það undantekning að skip veiði þann afla er þeim hafi verið úthlutað heimild til að veiða. Stefndi telji því ósannað að stefnandi hefði getað fullnýtt þá aflaheimild er hann byggi á að honum hefði átt að vera úthlutað. Ætlað tjón stefnanda vegna þessarar skertu úthlutunar sé því jafnframt ósannað.

Stefnandi byggi einnig á því að hann hefði getað framselt hina skertu aflaheimild gegn endurgjaldi og að fjártjón hans nemi fjárhæð þess endurgjalds. Stefndi virðist þá byggja á því að fjárhæð endurgjaldsins hefði numið sömu fjárhæð og framlegð af öllum rekstri stefnanda. Þessu hafni stefndi sem ósönnuðu. Stefndi telji það ósannað að stefnandi hefði yfirhöfuð getað selt umrædda aflaheimild. Stefnanda hafi beinlínis verið það óheimilt á stórum hluta viðmiðunartímabilsins. Komi til þess að stefnanda takist að sýna fram á að honum hefði verið unnt að framselja þá aflaheimild sem honum hefði átt að vera úthlutað bendi stefndi á að virði aflaheimildarinnar sé ósannað af hálfu stefnanda og tjón stefnanda að þessu leyti teljist því ósannað.

Auk framangreinds telji stefndi útreikning stefnanda á ætluðu tjóni sínu vegna hagnaðarmissis vera afar ógegnsæjan. Þannig megi ekki finna neina útreikninga á því hvernig jaðarframlegð af rekstri stefnanda sé fengin. Það sé því óljóst hvort tekið sé tillit til mikilvægra þátta við mat á tjóni stefnanda, t.d. jaðarkostnaðar. Þá sé ekki að finna rökstuðning í stefnu fyrir því hvers vegna áætluð jaðarframlegð sé besta leiðin til þess að reikna hið meinta tjón. Auk þess virðist söluverð makrils, sem reiknað sé með í skýrslu Deloitte, vera í andstöðu við það verð sem „algengast er“, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna samkvæmt lögum nr. 13/1998 þar um frá 12. október 2018, auk ýmissa annarra opinberra gagna sem stefnandi hafi þó ekki lagt fram í málinu. Stefndi telji tjón stefnanda því vera með öllu ósannað.

Til stuðnings varakröfu um lækun á kröfum stefnanda vísist til framangreindra málsástæðna í heild, en stefndi byggi þar að auki á hér eftirfarandi málsástæðum:

Í fyrsta lagi telji stefndi útilokað og því ósannað að nokkurt orsakasamband sé á milli meintrar skertrar aflahlutdeildar stefnanda til makrílveiða og landaðs afla í verktöku. Ljóst sé að á árunum 2017 og 2018 hafi aflaheimildir verið færðar yfir til annarra útgerða. Stefndi geti því ekki fengið meint tjón vegna þeirra veiðiára bætt.

Í öðru lagi telji stefndi að stefnandi hafi notið góðs af því fyrirkomulagi er viðhaft hafi verið við úthlutun aflaheimilda á umræddu viðmiðunartímabili. Þannig hafi það

verið svo að skip í eigu stefnanda hafi í reynd fengið úthlutað mun meiri heimildum til makrílveiða á viðmiðunartímabilinu en þau hefðu fengið ef makrílveiðar hefðu verið hlutdeildarsettar árið 2011 skv. lögum nr. 151/1996. Krafa stefnanda taki ekki mið af því og beri af þeim sökum að lækka kröfuna sem því nemur.

Í þriðja lagi byggi stefndi á því að stefnanda hafi láðst að sinna þeirri skyldu sinni gagnvart stefnda að takmarka tjón sitt í samræmi við almenna reglu skaðabótaréttar um takmörkun tjóns. Stefnandi virðist hafa haldið að hann gæti safnað óendanlega upp kröfu á hendur stefnda vegna meints tjóns síns en hið rétta sé að stefnanda hafi borið að takmarka tjón sitt og til þess hafi verið ýmiss úrræði. Þannig hefði stefnandi á hluta viðmiðunartímabilsins getað orðið sér úti um bæði auknar aflaheimildir til veiða og afla til vinnslu sem hvort tveggja hefði skilað aukinni framlegð til reksturs stefnanda og takmarkað meint tjón hans. Þá hefði stefnandi hæglega getað höfðað skaðabótamál þetta mun fyrir. Í þeim gögnum sem stefnandi hafi sjálfur lagt fram megi sjá að hann hefði getað aflað sér viðbótaraflaheimilda á hagkvæman hátt þau ár sem aðstæður hans hafi gert honum kleift að fullnýta úthlutaðar heimildir. Miðað við kvótaverðið 20 kr. á hver kíló, sem þessi gögn geri ráð fyrir, hefði viðbótarkostnaður hans einungis orðið brot af þeirri bótakröfu sem hann hafi uppi í þessu máli.

Stefndi byggi einnig á því til stuðnings lækkunarkröfu að stefnanda hafi verið í lófa lagið að bera undir dóm hvort félagið ætti rétt á frekari aflaheimildum teldi hann að reglugerðirnar skorti lagastöð eða að félagið ætti rétt á frekari heimildum að lögum. Hafi stefnandi hæglega geta borið það undir dóm, eftir atvikum á grunni 25. gr. laga nr. 91/1991, og óskað eftir flýtimeðferð, sbr. XIX. kafla sömu laga, sem fyrir segir.

Stefndi mótmælir einnig vaxta- og dráttarvaxtakröfum stefnanda, einkum upphafstíma þeirra. Eins og málið sé í reynd vanreifað, og engin haldbær gögn til stuðnings ætluðu tjóni, séu ekki skilyrði til að ákvarða upphafstíma dráttarvaxta nema frá dómsuppsögu. Um dráttarvaxtakröfu vísi stefndi sérstaklega til þess að í ljósi 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sé með engu móti unnt að líta svo á að stefnandi hafi lagt fram upplýsingar um tjónsatvik eða fjárhæð bóta enda sé reifun málsins ábótavant og krafan ekki studd haldbærum gögnum. Að öðru leyti sé öllum málsásæðum stefnanda mótmælt. Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísist í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila hefur skýrst undir rekstri málsins, en ekki er deilt um það að stefndi, íslenska ríkið, beri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem stefnandi kann að hafa beðið vegna þess að hér tilgreindum makrílveiðiskipum hans var á árunum 2011 til 2018, með ákvörðunum Fiskistofu sem teknar voru á grundvelli hér framangreindra reglugerða, úthlutað minni aflaheimildum en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Vísast þar um til dóms Hæstaréttar Íslands í máli

nr. 508/2017 frá 6. desember 2018, er viðurkennir bótaskyldu stefnda vegna áráanna 2011–2014, en einnig er ágreiningslaust í málinu að viðurkennd er bótaskylda stefnda á sama grunni varðandi árin 2015–2018 að því marki að stefnandi sanni nokkurt tjón.

Þá liggur einnig fyrir að kröfugerð stefnanda í málinu hefur tekið allnokkrum breytingum eftir að aflað var matsgerðar um áætlað tjón hans vegna hagnaðarmissis er leitt hafi af því að hann hafi farið á mis við úthlutun veiðiheimilda. Þannig hafa kröfufliðir fyrir einstök ár nú tekið breytingum til lækkunar frá því sem greindi í minnisblaði Deloitte, sem upphaflega var tekið mið af í málsókn stefnanda, sbr. bókanir stefnanda lagðar fram í þinghaldi 10. október 2019 og 12. janúar 2022.

Eins og fyrr sagði aflaði stefnandi undir rekstri málsins matsgerðar dómkvaddra matsmanna, þeirra Hersis Sigurgeirssonar dósents og Theodórs S. Sigurbergssonar endurskoðanda, og var matsgerðin, dags 24. júní 2021, lögð fram á dómþingi þann 17. janúar 2022. Þar er m.a. að finna samandregin svör matsmanna við neðangreindum þremur matsspurningum:

A) *Að þeirri forsendu gættu, að veiðireynsla íslenskra skipa í makríl hafi árið 2011 verið orðin samfelld í skilningi 2. málslíðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996, hver hafi aflahlutdeild skipa matsbeiðanda, þ.e. Hugins VE 55 og Ísleifs VE 63, verið, miðað við þrjú bestu veiðitímabil skipanna á undangengnum sex veiðitímabilum, árið 2011 og næstu sjö veiðitímabil á eftir, og einnig að þeirri forsendu gefinni að hlutdeild skipa matsbeiðanda hefði haldist óbreytt frá ári til árs. Telji matsmenn fleiri en eina reikniaðferð tæka, þá sé gerð grein fyrir því og útreikningar taki einnig af því mið.*

Svar: *Við hlutdeildarsetningu makríls samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 árið 2011 hefði aflahlutdeild Hugins VE 55 verið 7,0376889% af heildarafla makríls, aflahlutdeild Ísleifs VE 63 verið 1,2192061% og þar af hefðu 0,9812245% verið millifærðar til Hugins VE 55 vegna veiða Ísleifs VE 63 árið 2009. Heildarhlutdeild Hugins VE 55 hefði því verið 8,0189134%. [...] Að því gefnu að hlutdeildarsetning makríls hefði farið fram árið 2011 telja matsmenn ekki aðra reikniaðferð tæka til að ákvarða aflahlutdeild Hugins VE 55 og Ísleifs VE 63.*

B) *Að teknu tilliti til svarliðar A, umfang hagnaðar-/framlegðarmissis sem matsbeiðandi kann að hafa beðið vegna þess að honum var á árunum 2011 til 2018, með ákvörðunum Fiskistofu, sem teknar voru á grundvelli reglugerða, úthlutað minni aflaheimildum en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996, nánar tiltekið:*

- *hvort og þá hver, viðbótarhagnaður-/framlegð matsbeiðanda hefði orðið;*
- *hvort, og þá hver, tekjuaukning matsbeiðanda hefði orðið; og*
- *hvort, og þá hver, kostnaðarauki matsbeiðanda hefði orðið*

Matsmenn líti til og meti alla þá þætti sem þeir telja að geti haft þýðingu við mat á framangreindu, svo sem veiðigetu, áhrif á aðra starfsemi (t.d. veiðar) matsbeiðanda, o.fl. Að því marki sem matsmenn kynnu að telja veiðigetu ekki fyrir hendi, hvert megi

telja vænt sölu- virði umfram aflaheimilda (þ.e. aflamark hvers árs), sbr. lið A, og hvort að markaður hafi verið fyrir sölu slíkra heimilda. Matsmenn meti framangreint, sundurgreint eftir einstökum árum.

Svar: Hagnaðarmissir Hugins ehf. vegna þess að Hugin VE 55 var úthlutað minni aflaheimildum en skylt var skv. lögum nr. 151/1996 nam 572 milljónum króna á árunum 2011 - 2018. Tafla 2 [þ.e. hér neðangreind tafla] sýnir þær viðbótaraf-laheimildir sem Huginn VE 55 hefði fengið úthlutað á árunum 2011 - 2018 hefði makrill verið hlutdeildarsettur árið 2011 og mat matsmanna á þeim tekjum, kostnaði og hagnaði sem Huginn ehf. hefði haft af veiðum skv. þeim. Viðbótarhagnaður Hugins ehf. hefði numið alls um 572 milljónum króna á árunum 2011-2018.

Ár	Viðbótarheimildir	Tekjur	Kostnaður	Hagnaður
2011	2.124.309	362.117.745	-224.598.972	137.518.773
2012	2.244.420	305.511.566	-198.743.137	106.768.429
2013	2.065.398	301.208.602	-205.901.241	95.307.361
2014	2.973.915	384.304.165	-324.939.787	59.364.378
2015	3.064.936	247.758.236	-209.453.466	38.304.771
2016	2.380.546	266.493.797	-210.936.466	55.557.332
2017	2.791.561	221.278.808	-182.857.247	38.421.561
2018	2.199.593	298.990.499	-257.793.007	41.197.492
Alls	19.844.678	2.387.663.418	-1.815.223.322	572.440.096

Tafla 2 Viðbótaraf-laheimildir í makrill sem Huginn VE 55 hefði fengið úthlutað umfram úthlutun áranna 2011 - 2018 ef makrill hefði verið hlutdeildarsettur árið 2011 og mat matsmanna á tekjum, kostnaði og hagnaði Hugins ehf. af veiðum á makrill skv. þeim viðbótaraf-laheimildum.

C) Að því leyti sem matsmenn telja niðurstöðurnar háðar óvissuþáttum, þá sé gerð grein fyrir þeim og hvaða áhrif þeir kunna að hafa á svör við einstökum spurningum, svo sem til lækkunar og hækkunar.

Svar: Svar matsmanna við matsspurningu A er ekki háð miklum óvissuþáttum. Svar matsmanna við matsspurningu B er hins vegar háð nokkrum óvissuþáttum og þeim forsendum sem matsmenn gefa sér við matið. Að teknu tilliti til óvissuþátta liggur hagnaðarmissir Hugins ehf. að mati matsmanna á bilinu 470-790 milljónir króna.

Hinir dómkvöddu matsmenn staðfestu báðir framangreinda matsgerð fyrir dómi við aðalmeðferð málsins og svöruðu spurningum um efni hennar. Jafnframt staðfestu þeir viðbótar matsgerð sem stefndi aflaði og er einnig dagsett 24. júní 2021 en var fyrst lögð fram við aðalmeðferð málsins. Ekki eru efni til að rekja hér efni hennar. Þá gaf einnig skýrslu sem vitni Páll Þór Guðmundsson, fyrrum framkvæmdastjóri stefnanda.

Miðast aðalkrafa stefnanda í málinu, að höfuðstólsfjárhæð 547.245.600 krónur, við niðurstöður framangreindrar matsgerðar frá 24. júní 2021 um fjártjón stefnanda

vegna hagnaðarmissis, en byggist að öðru leyti, þ.á.m. um vexti og dráttavexti, á sömu málsástæðum og lagarökum og upphafleg krafa í stefnu, en þó þannig að ekki er krafist hærri fjárhæðar fyrir hvert ár en lagt var til grundvallar í stefnu. Má segja að aðalkrafan sé þannig fram sett að valið sé lægra gildið fyrir hvert ár af annars vegar minnisblaði Deloitte og hins vegar af umræddri matsgerð. Til grundvallar mati matsmanna liggur sú forsenda að viðbótarhagnaður Hugins hefði numið 572 milljónum króna og er þá gengið út frá því að kostnaður vegna viðbótarafllans sé reiknaður sem vegið meðaltal af meðalkostnaði (hér 75% af heild) og jaðarkostnaði (hér 25% af heild).

Varðandi varakröfu stefnanda, sem miðast við höfuðstólinn 532.035.786 krónur, virðist farin sú leið að bera saman viðbótarúthlutun samkvæmt greinargerð Deloitte og samkvæmt matsgerð og nota lægra gildið fyrir hvert ár. Með samsvarandi hætti er svo jaðarframlegð á kg í greinargerð Deloitte borin saman við hagnað á kg í matsgerð og lægra gildið notað fyrir hvert ár. Lægra gildið af viðbótarúthlutun er síðan margfaldað með lægra gildinu af hagnaði fyrir hvert ár og fengin þessi útkoma.

Þrautavarakrafa stefnanda í málinu er síðan loks um lægri skaðabætur að álitum.

Ekki er tölulegur ágreiningur um útreikninga til grundvallar kröfugerð stefnanda samkvæmt framangreindri matsgerð sem ekki hefur verið hnekkt með yfirmati. Er þá einnig til þess að líta að dómkvaddir matsmenn hafa í mati sínu á rétt reiknaðri aflahlutdeild skipa stefnanda á umræddu tímabili, sbr. lið A í matsgerð, stuðst við gögn frá Fiskistofu og hefur stefnandi þannig mætt þeirri gagnrýni sem stefndi hafði réttilega uppi um forsendur útreikninga í minnisblaði Deloitte í greinargerð í málinu.

Stefndi heldur þó eftir sem áður uppi vörnum gagnvart dómkröfum stefnanda í málinu og krefst aðallega sýknu en til vara lækkunar á dómkröfum. Vísar stefndi þá til þess að þótt bótaskylda stefnda liggi ljós fyrir vegna þess tjóns sem sannarlega hafi leitt af hinni skertu úthlutun á umræddu árabili fyrir stefnanda hvíli eftir sem áður á stefnanda að sýna hér fram á orsakatengsl, sennilega afleiðingu og umfang tjónsins. Að mati stefnda hafi, þrátt fyrir fyrirliggjandi matsgerð, sú sönnun ekki tekist eða að sannanlegt tjón stefnanda sé í öllu falli mun minna en stefnandi byggir hér á.

Byggir stefndi kröfur um sýknu eða lækkun einkum á eftirfarandi málsástæðum, samkvæmt því sem að framan greinir og nánar skýrðist við munnlegan málflutning:

Í fyrsta lagi á því að þótt fyrir liggi matsgerð í málinu um áætlaðan hagnaðarmissi stefnanda vegna hinnar skertu úthlutunar takmarkist hún við þær forsendur sem lagt hafi verið upp með og þá einkum þá að stefnandi hefði getað hagnýtt sér viðbótaraflla. Stefndi telur gögn málsins sýna fram á það að stefnandi hafi ekki getað hagnýtt sér allan þann aflahlut í makríl sem hann þó hafi fengið úthlutað á árunum 2011–2018 og því sé ólíklegt að ætla að hann hefði getað fært sér í nyt frekari veiðiheimildir í makríl. Eigi þetta þá sérstaklega við um viss ár, t.d. árið 2011, þegar stefnandi hafi ekki getað

nýtt aflaheimildir sínar þótt framlegð af makrílveiðum hafi þá verið í hámarki, og árið 2018, þá Huginn hafi verið í slipp og stefnandi haft takmarkaðan aðgang að öðru skipi.

Í öðru lagi vísar stefndi til þess að í matsgerðinni sé hvorki litið til lögfræðilegra þátta né ýmissa annarra þátta sem hljóti þó að koma inn í heildarmat á sennilegu tjóni, t.d. varðandi framsal aflaheimilda milli ára, hvers vegna aflaheimildir voru ekki fullnýttar einstök ár eða hver hefði verið staðan hefði stefnandi ekki fengið aflaheimildir í skjóli reglugerða, sbr. t.d. takmarkandi ákvæði í 4. og 9. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996.

Í þriðja lagi vísar stefndi til annarra málsástæðna, einkum um tómlæti, fyrningu eða þá að stefnandi hefði getað takmarkað tjón sitt með skjótari málsmeðferð.

Varðandi sannað almennt fjártjón stefnanda vegna hinna skertu aflaheimilda, sem ætla verður að stefndi hefði haft fullan hug á að fényta sér hefðu þær legið fyrir, blasir við, eins og aðilar virðast vera sammála um, að umfang tjónsins getur aðeins verið hér áætlað með nokkurri vissu, sem málsaðilar deila hér síðan aftur um hver sé. Í þessu ljósi telur dómurinn, sem m.a. er skipaður sérfróðum meðdómanda, að réttast sé að leggja til grundvallar framangreinda matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 24. júní 2021, þar sem m.a. er tekið mið af slíkri óvissu og hún jafnframt metin sérstaklega. Er matsgerðin að mati dómsins vönduð, byggð á nægilega traustum gögnum og á tækri aðferð, enda hefur stefndi ekki leitast við að fá henni hnekkt með yfirmati.

Telur dómurinn í fyrsta lagi rétt, að því gættu að veiðireynsla íslenskra skipa í makríl hafi árið 2011 verið orðin samfelld, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996, að leggja til grundvallar niðurstöður í matsgerðinni um útreiknaða rétta aflahlutdeild umræddra skipa stefnanda, Hugins VE55 og Ísleifs VE63, á árabílinu 2011–2018, sem miðast við gögn Fiskistofu og sætir hér ekki, að því er séð verður, mótbárum stefnda.

Hvað varðar í annan stað þann meginþátt í matsgerðinni er snýr að áætluðum hagnaðar- eða framlegðarmissi sem stefnandi sætti vegna hinna skertu úthlutana í makríl á árunum 2011–2018, sundurgreindan eftir árum, sbr. nánar í matsgerðinni, telur dómurinn að einnig verði að leggja hér til grundvallar þær ályktanir sem matsmenn rökstyðja þar, og þá jafnframt að teknu tilliti til þeirrar matsóvissu sem þeir síðan gera þar grein fyrir. Með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu skaðabótaréttar að tjónþola beri jafnan að sanna tjón sitt og að hann fái þar af leiðandi aldrei sér dæmdar hærri skaðabætur vegna fjártjóns en hann teljist ótvírætt hafa fært sönnur á að hann hafi orðið fyrir í ljósi skaðaverks telur dómurinn einnig að meta verði alla tilgreinda matsóvissu í matsgerð stefnanda í óhag en stefnda í hag.

Jafnframt telur dómurinn eðlilegt með hliðsjón af framsetningu á kröfugerð stefnanda að við mat á hagnaðarmissi á hverju ári sé valið lægra gildið sem annars vegar kemur eftir atvikum fram í minnisblaði Deloitte og hins vegar í mati í matsgerðinni. Leiðir framangreint til þá til þess, sé litið til útreikninga í matsgerð, að sannanlegt tjón stefnanda sökum hagnaðarmissis vegna skertra aflaheimilda verði

ótvírætt ekki metið hærra að höfuðstólsfjárhæð en sem nemi alls 467.200.266 krónum og hefur þá að mati dómsins verið tekið fullnægjandi tillit til allrar matsóvissu sem unnt er að líta til. Er um lægri höfuðstólsfjárhæð en greinir í aðal- og varakröfu stefnanda að ræða sem fellur að þrautavarakröfu hans um lægri bætur að álitum. Leiðir framangreind nálgun dómsins þá til eftirfarandi sundurliðunar á áætluðum hagnaðarmissi stefnanda:

2011	115.192.395
2012	88.196.421
2013	80.813.527
2014	44.629.341
2015	28.499.815
2016	43.172.107
2017	29.809.982
2018	36.886.678

Samtals 467.200.266 krónur

Hvað varðar þær málsástæður sem stefndi telur engu að síður að leiða eigi til sýknu eða til enn frekari lækkunar telur dómurinn ekki unnt að staðhæfa að þær hljóti að leiða til frekari skerðingar á hér útreiknuðum hagnaðarmissi, enda um margt óljóst hvaða ólíka sviðsmynd hefði í raun teiknast upp í rekstri stefnanda við hinar auknu aflaheimildir, og er í útreikningum á matsóvissu í matsgerð m.a. tekið tillit til aukins fjárfestingarkostnaðar o.fl. Telur dómurinn því að framangreind nálgun hans á það er telja má vera að lágmarki ótvírætt rauntjón stefnanda vegna hinna skertu aflaheimilda sé bæði forsvaranlega varfærin og raunhæf þótt um almennt fjártjón sé að ræða.

Hvað varðar vexti og dráttarvexti liggur fyrir að hið sannaða tjón stefnanda er að lægri höfuðstólsfjárhæð en tiltekin er bæði í aðal- og varakröfu stefnanda og fellur því undir þrautavarakröfu í málinu. Hvað varðar dráttarvaxtakröfu stefnanda af tildæmdum fjárhæðum telur dómurinn að miða beri samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 við tímamarkið 24. júlí 2021 og er þá tekið mið af því að krafa stefnanda getur ekki talist hafa legið nægilega ljós fyrir fyrr en með öflun matsgerðarinnar, og miðast dráttavextir því hér við mánuð frá dagsetningu útgáfu hennar. Dómurinn telur að öðru leyti rétt að fallast á kröfur stefnanda um vexti eins og þær liggja fyrir til vara í kröfugerð hans og myndi þetta þá útleggjast svo:

328.831.685 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2015 til 24. júlí 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags; og

138.368.581 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 28.499.815 krónum frá 16. júní 2015 til 6. apríl 2016, af

71.671.922 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2017, af 101.481.904 krónum frá þeim degi til 10. apríl 2018 og af 138.368.581 krónum frá þeim degi til 24. júlí 2021 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Hvað varðar síðan aðrar málsástæður stefnda getur dómurinn ekki fallist á það að sýnt sé hér fram á af hálfu stefnda að kröfur stefnanda í máli þessu séu fallnar niður fyrir fyrningu, sbr. 9. gr., sbr. og 15. gr., laga nr. 150/2007, eða vegna tómlætis, eða þá að sýnt sé fram á að stefnandi hafi haft raunhæf úrræði til að takmarka tjón sitt með annars konar réttarfarsúrræðum sem stefndi vísar hér til. Þá telur dómurinn ekki unnt að áætla að aðrir óvissuþættir eins og möguleg úrræði ráðherra samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 151/1996, lagabreytingar, samningar við önnur ríki, veðurfar eða annað sem getur haft þýðingu fyrir aflabrogð eða þá möguleg framlegð af öðrum veiðum eða annarri starfsemi sem stefnandi kynni að hafa nýtt sér eigi að leiða til frekari skerðingar en byggt sé inn í framangreint mat og þá matsóvissu sem miðað er þar við um fjártjón. Að öllu hér framangreindu virtu verður ekki séð að aðrar tilgreindar málsástæður málsaðila geti haft sérstaka þýðingu við úrlausn málsins eða að þær geti leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu verður því niðurstaða dómsins að stefnda, íslenska ríkið, er dæmt til að greiða stefnanda, Hugin ehf., alls 467.200.266 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og framan segir og nánar greinir í dómsorði.

Það athugist að vaxtavextir eru lögákveðnir og skulu ekki tilteknir í dómsorði.

Í ljósi framangreindra málalykta verður stefnda einnig gert að greiða stefnanda alls 10.000.000 króna í málskostnað og er þar einnig litið til matskostnaðar stefnanda.

Málið fluttu fyrir stefnanda lögmenirnir Stefán A. Svensson og Bjarni Aðalgeirsson, en Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn, sem dómsformaður, ásamt þeim Hildi Briem héraðsdómara og Sveini Agnarssyni, prófessor í hagfræði.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Hugin ehf., 328.831.685 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2015 til 24. júlí 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags; og 138.368.581 krónum með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 28.499.815 krónum frá 16. júní 2015 til 6. apríl 2016, af 71.671.922 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2017, af 101.481.904 krónum frá þeim degi til 10. apríl 2018 og af 138.368.581 krónum frá

þeim degi til 24. júlí 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 10.000.000 króna í málskostnað.

Pétur Dam Leifsson

Hildur Briem

Sveinn Agnarsson